



Fundargerð

Efni : Aðalfundur Lagnafélags Íslands 2013
Fundarstaður: Danfoss hf.
Dagsetning: 10. 04. 2013
Tími: 17.00

1. Setning aðalfundar LAFÍ.

Formaður LAFÍ Guðni A. Jóhannesson setti fundinn kl. 17:15 og bauð aðalfundargesti velkomna.

2. Kosning fundarstjóra.

Formaður stakk upp á að Egill Skúli Ingibergsson yrði fundarstjóri. Það var einróma samþykkt og hann tók við fundarstjórn.

3. Kosning ritara.

Fundarstjóri stakk upp á að Steinar Gíslason yrði fundarritari. Það var einróma samþykkt og hann tók við fundarritun.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar.

Steinar Gíslason las upp fundargerð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt athugunarsemdar laust.

5. Ávarp formans LAFÍ.

Fráfarandi formaður Guðni A. Jóhannesson flutti mjög áhugaverða kynningu með myndasýningu um leit og hugsanlega vinnslu olú á Drekasvæðinu. Það var almenn ánægja fundarmanna með kynningu Guðna.

Að lokum þakkaði hann framkvæmdastjóra og stjórnarmönnum góða samvinnu.

6. Skýrsla stjórnar.

Kristján Ottósson framkvæmdastjóri fór yfir skýrslu stjórnar yfir starfsárið 2012 - 2013. Sjá Fréttabréf 119.

6.1. Skýrslur fagráða.

- Fagråd loftræstikerfa. Kristján O. Sæbjörnsson flutti skýrslu Fagráðs loftræstikerfa. Sjá Fréttabréf 119.
- Fagråd pípulagningakerfa. Grétar Leifsson flutti skýrslu Fagráðs pípulagningakerfa. Sjá Fréttabréf 119.
- Fagråd rafstýrikerfa. Kristján Ottósson flutti skýrslu Fagráðs rafstýrikerfa vegna forfalla Sigurðar Sigurðssonar. Sjá Fréttabréf 119.
- Gæðamatsráð. Skýrsla Gæðamatsráðs Egill Skúli Ingibergsson flutti skýrslu Gæðamatsráðs. Sjá Fréttabréf 119.

Einnig kom Egill Skúli inn á athyglisverða hugmynd vegna umræðuna um áfangaúttektir, lokaúttektir og ábyrgðir ofl. Það er að verkkaupi ráði í upphafi verks verkefnastjóra sem stjórn öllum verkferlum, hönnun, byggingu, úttektum. Þetta er hugmynd sem stjórn LAFÍ ætti að fá Egil Skúla til að setja nánar saman og kynna nánar fyrir stjórninni.

- Viðurkenningarnefnd. Ekki var flutt skýrsla Viðurkenningarnefndar vegna forfalla Þórðar Ólafs Búasonar. Sjá Fréttabréf 118.

6.2. Reikningar félagsins skýrðir.

Grétar Leifsson gjalkeri fór yfir reikninga félagsins.

6.3. Ákvörðun um félagsgjald. (Kr. 3.000,- sama og verið hefur).



Framkvæmdastjóri lagði til óbreytt félagsgjald og var það samþykkt einróma.

6.4. Umræður um skýrslu og reikninga félagsins. (borið upp til samþykktar).

Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins voru samþykktir athugunar-semdar laust.

7. Kosning formans sérstaklega og kosning sex til viðbótar í stjórn.

Grétar Leifsson Eflu var einn í framboði til formans og var hann einróma kjörinn formaður.

Tillaga frá uppstillinganefnd um eftirfarandi menn í stjórn. Kristján Odd Sæbjörnsson Lagnatækni, Steinar Gíslason Danfoss, Snæbjörn R. Rafnsson ÍAV, Benedikt Jónsson Mannvirkjastofnun, Kristján Kristjánsson Íðunni og Sigurð Sigurðsson Hitastýringu. Voru þeir einróma kjörnir.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara.

Tillaga var um Egil Skúla Ingibergsson, Valdimar K. Jónsson og Guðmund Jónsson til vara. Voru þeir einróma kjörnir.

9. Önnur mál

Kristján Ottósson lagði til að fundarstjóri (ESI) og fundarritari (STG) gengju frá fundargerðinni þannig að ekki væri þörf á að bera hana undir næsta aðalfund og var það samþykkt.

10. Fundarslit.

Nýkjörinn formaður Grétar Leifsson ávarpaði fundinn. Þakkaði hann m.a. fráfarandi formanni og stjórnarmönnum vel unnin störf fyrir LAFÍ. Síðan sleit Grétar fundi kl. 18:45.

Að fundi loknum bauð Danfoss hf. fundargestum upp á kaffi.

Steinar Gíslason fundarritari